# Umhyggja

FÉLAG TIL STUÐNINGS LANGVEIKUM BÖRNUM



## Sumarbúðir Dropans

– Svo miklu meira en sumarbúðir

Hefur þú komið í Brekkuskóg eða í Vaðlaborgir?

## 12 dagar

- vegna veikinda barna, sama hvort þau eru langveik eða ekki

Snjallvefur Umhyggju - www.umhyggja.is

1. TBL. 18. ÁRG. 2014

AÐALFUNDUR UMHYGGJU - STJÓRNARKYNNING ★ ÞAÐ GETA ALLIR VERIÐ UMHYGGJUSAMIR !

# EFNI BLAÐSINS

1. tbl. 18. árg. 2014


**4** Aðalfundur Umhyggju

**5** Umhyggja – Stjórnarkynning

**6** Alþjóðlegi vitundarvakningardagurinn

**7** 12 dagar - vegna veikinda barna, sama hvort þau eru langveik eða ekki

**8** Sumarbúðir Dropans – Svo miklu meira en sumarbúðir

**10** Thelma Þorbergsdóttir – hefur óbilandi áhuga á bakstri og gefur uppskriftir af flottum freistingum

**12** Hefur þú komið í Brekkuskóg eða í Vaðlaborgir?

**14** Það geta allir verið Umhyggjusamir

**15** Snjallvefur Umhyggju

**16** Fréttir úr velferðarráðuneytinu

**17** Heimildarmynd um AHC

**18** Umhyggja þakkar stuðninginn


# AÐILDARFÉLÖG UMHYGGJU

**AHC samtökin**
**Formaður:** Sigurður Hólmar Jóhannesson
**Símar:**8989097/6974550
**Netfang:** ahc@ahc.is
**Vefsíða:** www.achc.is

**Barnageð, félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga**
**Formaður:** Margrét Ómarsdóttir
**Sími:** 695 5200
**Netfang:** barnaged@barnaged.is
**Heimasíða:** www.barnaged.is

**Barnahópur Gigtarfélagsins**
**Formaður:** Sunna Brá Stefánsdóttir
**Sími:** 552 5906
**Netfang:** lbb@simnet.is
**Heimasíða:** www.gigt.is

**Breiðbros - samtök aðstandenda barna fædd með skarð í vör og góm**
**Formaður:** Marta Rós Karlsdóttir
**Sími:** 564 2296
**Netfang:** mrk1@hi.is
**Vefsíða:** www.breidbros.is

**CP – félagið**
**Formaður:** Daníel Ómar Viggósson
**Sími:** 8244886
**netfang:** cp@cp.is
**Vefsíða:** www.cp.is

**Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki**
**Formaður:** Jón Sólmundarson
**Sími:** 897 4245
**Netfang:** jonsol@simnet.is
**Vefsíða:** www.dropinn.is

**Einstök börn - félag til stuðnings börnum með sjaldgæfa alvarlega sjúkdóma**
**Sími:** 568 2661. **GSM:** 699 2661
**Formaður:** Guðmundur Björgvin Gylfason
**Sími:** 482 3031. **GSM:** 698 3031
**Netfang:** einstokborn@einstokborn.is
**Vefsíða:** www.einstokborn.is

**Foreldradeild Blindrafélagsins**
**Formaður:** Páll Guðbrandsson
**Sími:** 894 1617
**Netfang:** pgudbrands@gmail.com
**Vefsíða:** www.blindborn.is

**Foreldrafélag barna með axlarklemmu**
**Formaður:** Sigrún Jóna Sigmarsdóttir
**Sími:** 481 2857. **GSM:** 698 2857
**Netfang:** axlarklemma@gmail.com
**Vefsíða:** www.axlarklemma.is

**Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra**
**Formaður:** Björg Hafsteinsdóttir
**Sími:** 899 6490
**Netfang:** björgh@simnet.is
**Vefsíða:** www.fsfh.is

**Hetjurnar - félag aðstandenda langveikra barna á Norðurlandi**
**Formaður:** Jóhanna María Baldursdóttir
**Sími:** 846 8597
**Netfang:** hetjurnar@simnet.is
**Vefsíða:** www.hetjurnar.is

**Lauf – Félag flogaveikra barna um flogaveiki**
**Formaður:** Brynhildur Arthúrsdóttir.
**Sími:** 551 4570 **GSM:** 864 8049.
**Netfang:** lauf@vortex.is
**Vefsíða:** www.lauf.is

**Lind - félag um meðfædda ónæmisgalla**
**Formaður:** Guðlaug María Bjarnadóttir
**Sími:** 552 7082. **GSM:** 698 8806
**Netfang:** gmb@bhs.is
**Netfang:** lind@onaemisgallar.is

**Neistinn - styrktarfélag hjartveikra barna**
**Sími:** 552 5744. **Fax:** 562 9150
**GSM:** 899 1823
**Formaður:** Fríða B. Arnardóttir.
**Sími:** 557 5629. **GSM:** 690 4027
**Netfang:** gudrun@hjartaheill.is
**Netfang:** neistinn@neistinn.is
**Vefsíða:** www.neistinn.is

**Perthes**
**Sími:** 552 4242

**Fimir fætur/klumbufætur**
**Sími:** 552 4242

**PKU félagið á Íslandi, félag um arfgenga efnaskiptagalla**
**Formaður:** Steingrímur Ægisson
**Sími:** 565 8238. **GSM:** 897 6688
**Netfang:** steingrimur@samkeppni.is
**Netfang:** stjorn@pku.is
**Vefsíða:** www.pku.is

**SKB - Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna**
**Sími:** 588-7555. **Fax:** 588-7272
**Framkvæmdarstjóri:** Gréta Ingþórsdóttir
**Sími (vinna):** 588 7555, **GSM:** 7726662
**Netfang:** greta@skb.is
**Formaður:** Rósa Guðbjartsdóttir
**GSM:** 6645558
**Netfang:** skb@skb.is
**Netfang:** skb@skb.is
**Vefsíða:** www.skb.is

**Spegillinn – Hagsmuna-, forvarnar- og fræðslusamtök um átröskunar sjúkdómana anorexiu og bulemiu nervosa**
**Formaður:** Katrín Sif Sigurgeirsdóttir
**Varaformaður:** Kolbrún Marelsdóttir
**Sími:** 895 7892
**Netfang:** spegillinn@spegillinn.is
**Heimasíða:** www.spegillinn.is

**Tourette**
**Formaður:** Sigrún Gunnarsdóttir
**Netfang:** tourette@tourette.is
**Vefsíða:** www.tourette.is
**Sími:** 8402210

## Frá ritstjóra



# Á morgun kemur sólin....

*Við skýin felum ekki sólina af illgirni.*
*Við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna.*
*Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúúps, í rokinu*
*klædd gulum, rauðum, grænum,*
*bláum regnkápum.*
*Eins og regnbogi meistarans,*
*regnbogi meistarans.*
*Við skýin erum bara grá, bara grá.*
*Á morgun kemur sólin,*
*hvar verðum við skýin þá?*
*Hvar þá, hvar þá, hvar þá, hvar þá,*
*hvar þá, hvar þá, hvar verðum við skýin þá?*

*- Spilverk þjóðanna*

Á morgun kemur sólin... þetta lag hefur hljómað aftur og aftur í huga mér síðustu daga. Við erum nefnilega alltaf að bíða eftir sólinni, sumrinu. Hvar sem við komum saman, fleiri en einn og tveir, þá er veðrið til umræðu og við spáum í það hvenær sumarið ætlar eiginlega að fara að koma.

En sumarið er komið og það er alls ekki verið að fela sólina af illgirni. Sumarið er komið og kannski kemur sólin á morgun en það er klárlega tími til að njóta þess að vera úti sama hvernig viðrar. Og ef við erum svo heppin að geta skellt okkur í stígvél, klæðst gulum, rauðum, grænum og bláum regnkápum þá er ótrúlega skemmtilegt að rifja það upp hvernig er að hoppa í pollunum og jafnvel drullumalla ef það er mögulegt.

Sumarblaðið okkar, sem þú ert nú með í höndunum, er fullt af sól, litum, gleði og vonandi gagnlegum og áhugaverðum upplýsingum. Við erum alltaf að hugsa blaðið upp á nýtt, velta fyrir okkar hvað við getum gert betur og óskum að sjálfsögðu eftir ykkar skoðun á því hvernig blaðið á að vera. Það er hægt að senda okkur hugmyndir að efni eða ábendingar á netfangið umhyggja@umhyggja.is eða í gegnum facebook síðuna okkar sem við hvetjum ykkur til að fylgjast með og deila áfram til vina og vandamanna.

Margt hefur drifið á daga okkar hjá Umhyggju síðustu vikur og misseri sem við segjum frá hér í blaðinu. Fjölmargir hafa fært Umhyggju gjafir að undanförnu og þökkum við þeim öllum kærlega fyrir. Ný heimasíða er komin í loftið, aðalfundur var haldinn og kosið í stjórn félagsins. Var ákveðið að kynna stjórnina sérstaklega í þessu blaði, hvaða fólk það er sem valist hefur til forystu og fyrir hvað Umhyggja stendur í þess huga – sem sagt tækifæri til að kynnast fólkinu sem er að vinna fyrir félagið okkar.

Ert þú Umhyggjusamur einstaklingur? Við segjum ykkur allt um þetta flotta verkefni hér í blaðinu og hvetjum ykkur til að taka þátt í því – það er nefnilega mjög auðvelt að vera umhyggjusamur.
Njótið dagsins, blaðsins og sumarsins – því á morgun kemur sólin og hvar verða skýin þá ?

*Bestu kveðjur,*
*Steinunn Þorsteinsdóttir ritstjóri.*



***FORSÍÐUMYND***
*Forsíðumyndina tók Jónatan Grétarsson ljósmyndari.*



**SÁLFRÆÐIAÐSTOÐ UMHYGGJU**

**ÁGÆTU FÉLAGSMENN AÐILDARFÉLAGA UMHYGGJU.**
Af gefnu tilefni langar okkur til að minna á sálfræðing félagsins. Umhyggja býður foreldrum langveikra barna upp á sálfræðiþjónustu ef þeir óska þess. Til að komast í samband við hann þarf að hafa samband við skrifstofu félagsins.

**TÍMARIT UMHYGGJU** 1. tbl. 18. árg. 2014

**Útgefandi:** Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum.
**Framkvæmdastjóri Umhyggju og ábyrgðarmaður blaðsins:** Ragna K. Marinósdóttir
**Stjórn Umhyggju:** Leifur Bárðarson formaður, Guðni Hreinsson varaformaður, Hákon Hákonarson gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir ritari, Sigrún Þóroddsdóttir, Bryndís Torfadóttir og Hálfdan Þorsteinsson meðstjórnendur.
**Ritnefnd:** Ragna K. Marinósdóttir, Bryndís Torfadóttir, Hálfdán Þorsteinsson og Sigrún Þóroddsdóttir.
**Ritstjóri:** Steinunn Þorsteinsdóttir umhyggja@umhyggja.is
**Prófarkalestur:** Berglind Steinsdóttir.
**Útlitshönnun:** IB
**Auglýsingar:** Markaðsmenn
**Prentun:** Litlaprent
**Skrifstofa Umhyggju er að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík; Sími 552 4242.**

# Aðalfundur Umhyggju

***Þann 26. febrúar 2014 var aðalfundur Umhyggju haldinn. Um hefðbundin aðalfundarstörf var að ræða.***

***Aðildarfélög Umhyggju eru orðin tuttugu talsins og var nýjasta aðildarfélagið, Félag CP á Íslandi, boðið sérstaklega velkomið í hópinn.***









## Skýrsla stjórnar

Ragna Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju, gerði grein fyrir störfum félagsins á síðastliðnu ári og kynnti skýrslu stjórnar í forföllum formanns. Kom m.a. fram í máli hennar að félagið hefur átt í góðu samstarfi við lögmann sem hefur liðsinnt félagsmönnum við lagaleg málefni á nýliðnu ári. Það samstarf er ekki komið í fastan farveg en er í skoðun. Félagsmenn voru hvattir til að láta félagið vita ef þeir hafa dæmi þar sem þeir telja brotið á rétti sínum, s.s. hjá TR. Aðildarfélög Umhyggju eru orðin tuttugu talsins og var nýjasta aðildarfélagið, Félag CP á Íslandi, boðið sérstaklega velkomið í hópinn. Sú þjónusta sem Umhyggja býður upp á, ráðgjöf framkvæmdastjóra á Barnaspítala, sálfræðiþjónusta og orlofshús félagsins, er vel sótt. Umhyggjublaðið er gefið út reglulega og hefur Steinunn Þorsteinsdóttir tekið við ritstjórn þess ásamt umsjón með heimasíðu og Facebook-síðu félagsins. Umhyggja hefur stofnað sérstakan orlofssjóð sem heldur utan um rekstur sumarhúsa félagsins. Félagsmönnum sem dvelja í Vaðlaborgum býðst verulegur afsláttur á flugi og bílaleigubíl kjósi þeir það frekar en að keyra. Félagsmenn voru hvattir til þess að nýta sér orlofshúsin en dvöl þar er niðurgreidd af félaginu. Styrktarsjóður Umhyggju er í vexti og með nýju söfnunarátaki „Umhyggjusamir einstaklingar" standa vonir til þess að hægt verði að auka styrkveitingar til félagsmanna sem þörf hafa fyrir það. Umhyggja hefur tekið þátt í erlendu samstarfi, m.a. norræna félaginu NOBAB, en óvissa er um framtíð þess. Umhyggja tekur einnig þátt í evrópsku samstarfi, EACH, og kom stjórn þeirra samtaka til fundar hér á landi í sumar og var verulega hrifin af því sem hér er boðið upp á af hálfu félagsins.

***Skýrsla stjórnar var lögð fram til samþykktar og var samþykkt samhljóða.***

## Endurskoðaðir reikningar

Hákon Hákonarson, gjaldkeri Umhyggju, lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og gerði grein fyrir þeim. Staða félagsins er góð en það er rekið á frjálsum framlögum. Félagið fékk veglega styrki úr ýmsum áttum á síðastliðnu ári en töluvert dró úr þeim frá fyrra ári. fyrra ári. Félagið var rekið með tapi á síðastliðnu ári, en vegna góðrar afkomu fyrri ára á félagið góðan varasjóð. Stjórn Umhyggju vinnur að því að efla þá þjónustu sem félagsmönnum stendur til boða, m.a. með því að bjóða upp á aðstoð lögmanns, sálgæslu o.fl.

***Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.***

## Kosning stjórnar

Samkvæmt lögum félagsins er kjörtímabil hvers stjórnarmanns tvö ár í senn. Kjörtímabili þriggja stjórnarmanna er lokið. Þeir eru: **Guðni Hreinsson, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir** og **Sigrún Þóroddsdóttir**. Þau gefa öll kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ekki komu fram fleiri framboð. Þessi þrjú voru því samhljóða kosin til stjórnarstarfa til næstu tveggja ára.

## Kosning skoðunarmanna reikninga

Stjórn Umhyggju lagði til að skoðunarmaður reikninga (endurskoðandi) félagsins yrði Jón Rafn Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi.

***Tillaga stjórnar um skoðunarmann var samþykkt samhljóða.***

## Ákvörðun árgjalds

Stjórn Umhyggju lagði til að árgjald fyrir aðild að Umhyggju yrði óbreytt, kr. 1.500,-. Einstaklingar greiða eitt árgjald en aðildarfélög greiða þrefalt árgjald.

***Var það samþykkt samhljóða.***

## Lagabreytingar

Engar tillögur til lagabreytinga höfðu borist á þeim tíma sem lög kveða á um. Stjórn Umhyggju óskaði hins vegar eftir að fundurinn samþykkti frávik frá 12. grein núgildandi laga sem kveður á um að lagabreytingartillögur skuli senda út með aðalfundarboði og óskaði eftir að fá að leggja fram eina lagabreytingartillögu.

*Var það samþykkt samhljóða.*

**Stjórn lagði þá fram eftirfarandi lagabreytingartillögu. Grein 9 verði svohljóðandi:**

***Aðalfundur** hefur æðsta vald í málefnum félagsins.*

***Aðalfund** skal halda í febrúar- eða marsmánuði ár hvert. Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í blöðum eða á annan tryggilegan hátt og með viku fyrirvara hið skemmsta og er hann þá lögmætur.*

***Afl atkvæða** ræður úrslitum mála nema annars sé getið í lögum þessum.*

Breytingin felst í víðari tímaramma varðandi það hvenær aðalfundur skuli haldinn, sem samkvæmt núgildandi lögum er í síðari hluta febrúarmánaðar en verði í febrúar- eða marsmánuði.

***Breytingartillagan var samþykkt samhljóða.***

## Önnur mál

### ÞÁTTTAKA Í LYFJAKOSTNAÐI

Því var beint til stjórnar að skoða hugsanlega þátttöku í lyfjakostnaði félagsmanna sem lenda í vandræðum vegna nýs kerfis. Jafnframt að félagið beiti sér fyrir því að lyfjaniðurgreiðslukerfið verði endurskoðað.

## Félagsþjónusta

Spurt var hvort félagið hefði eitthvað beitt sér fyrir aukinni félagsþjónustu fyrir sína félagsmenn og þá ekki síst þegar barnið nær þeim aldri að hætta að vera barn, s.s. varðandi búsetuúrræði. Félagsmönnum var eindregið bent á að nýta sér þjónustu Sjónarhóls sem er mun sterkari í málum sem þessum. Jafnframt var bent á þann möguleika á að sækja um aðstoð frá Brynju hússjóði.

## Þjónusta sjúkrabíla

Bent var á misræmi í því að öryrkjar fengju afslátt af þjónustu sjúkrabíla en ekki langveik börn. Stjórn var hvött til þess að skoða þau mál.

Að hefðbundnum aðalfundarstörfum loknum kynntu Guðrún Ragnarsdóttir og Lára Björnsdóttir, fulltrúar Rjóðursins, ferð sem starfsfólk þess fór til Boston með styrk frá félaginu.

**Fundargerð ritaði Hulda Sólrún Guðmundsdóttir**

**Fundarstjóri: Hákon Hákonarson**

# Umhyggja - Stjórnarkynning

***Í Umhyggju starfa foreldrar langveikra barna og fagfólk innan heilbrigðiskerfisins. Einnig eru félög og hópar foreldra langveikra barna í félaginu. Í dag eru 20 félög innan Umhyggju.***

***Stjórn Umhyggju skipa sjö einstaklingar sem allir eiga sér langa sögu innan aðildarfélaga Umhyggju.***

***En hvaða fólk er þetta?***
***Hvaðan kemur það og hvað finnst því Umhyggja standa fyrir?***


*Leifur Bárðarson.*

### FORMAÐUR STJÓRNAR ER LEIFUR BÁRÐARSON

Leifur er borinn og barnfæddur Vesturbæingur og KR-ingur. Er fæddur á Melunum í Reykjavík og hefur alltaf búið þar. Leifur er barnaskurðlæknir að mennt og starfaði sem slíkur í mörg ár á Barnaspítala Hringsins. Hann gegnir nú stöðu yfirlæknis við Embætti landlæknis þar sem hann vinnur á sviði gæða og forvarna. Leifur er haldinn ólæknandi veiðiáhuga og gæti unað sér á einhverjum árbakkanum helst allt sumarið. Hann kom inn í stjórn Umhyggju fyrir margt löngu sem fulltrúi fagfólks og hefur gegnt starfi formanns stjórnar í allmörg ár. Það hversu vel Umhyggju hefur farnast á liðnum árum þakkar Leifur frábærri blöndu af fulltrúum neytenda og veitenda sem stýrir félaginu. Sjónarmið beggja blandast saman á einstaklega jákvæðan hátt.


*Guðni Hreinsson.*

### VARAFORMAÐUR ER GUÐNI HREINSSON

Guðni er fæddur og uppalinn Akureyringur en hefur undanfarin 16 ár búið í Hafnarfirði. Guðni starfar sem framkvæmdastjóri Loftleiða Icelandic, dótturfélags Icelandair Group. Hann á fjögur börn og hóf störf fyrir Umhyggju í gegnum Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna. Auk félagsstarfa fyrir Umhyggju eru helstu áhugamál hans tónlist, íþróttir og útivist. Guðni situr jafnframt í stjórn Styrktarsjóðs Umhyggju og helstu markmið hans eru að gera styrktarsjóðinn að sjálfbærum sjóði sem stutt getur við fjölskyldur langveikra barna um ókomna tíð.


*Hulda Sólrún Guðmundsdóttir.*

### RITARI ER HULDA SÓLRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR

Hulda er Reykvíkingur og sálfræðingur á Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar. Hún er skáti og hefur lengi verið virk í forystuhlutverkum innan skátahreyfingarinnar, bæði hér á landi og í Evrópu. Hulda hefur mikinn áhuga á margs konar útivist, ferðalögum og æskulýðsstarfi almennt – svo fátt eitt sé nefnt. Hún á einn

dreng. Hulda tengist Umhyggju sem fagmaður og áhugamaður um málefni langveikra barna auk þess sem langveik börn eru í stórfjölskyldunni. Hún hefur verið í stjórn Umhyggju frá árinu 2000. Í hennar huga er sérstaða Umhyggju sú að þar starfa saman foreldrar, fagfólk og aðrir áhugasamir að því að styðja við, efla og bæta hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra.


*Hákon Hákonarson.*

## GJALDKERI ER HÁKON HÁKONARSON

Hákon er fæddur og uppalinn Reykvíkingur. Hann á og rekur vátryggingamiðlunina Tryggingar og ráðgjöf. Hákon á níu börn og tengist Umhyggju í gegnum Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna. Hann hefur setið í stjórn Umhyggju í 17 ár. Hann situr einnig í stjórn Styrktarsjóðs Umhyggju og hefur verið þar frá stofnun sjóðsins. Helstu áhugamál Hákonar eru málefni langveikra barna, hestamennska, skíði og golf. Markmið hans er að langveikum börnum sé tryggð sú besta þjónusta sem hægt er að veita hverju sinni.


*Sigrún Þóroddsdóttir.*

## MEÐSTJÓRNANDI ER SIGRÚN ÞÓRODDSDÓTTIR

Sigrún Þóroddsdóttir er hjúkrunarfræðingur og hefur starfað við barnahjúkrun frá árinu 1988 bæði í Svíþjóð og á Íslandi. Hún á þrjár dætur og sex barnabörn og er hrossabóndi í frístundum. Hún tók sæti í stjórn Umhyggju árið 2012 sem fulltrúi Barnaspítalans þar sem hún hefur starfað sem krabbameinshjúkrunarfræðingur frá árinu 2000. Réttindamál fjölskyldna langveikra barna skipta hana mestu máli sem stjórnarmanns í Umhyggju.


*Bryndís Torfadóttir.*

## MEÐSTJÓRNANDI ER BRYNDÍS TORFADÓTTIR

Bryndís er fædd á Húsavík en býr nú í Reykjavík eftir margra ára búsetu á nokkrum stöðum í heiminum. Hún hefur starfað fyrir SAS – Scandinavian Airlines í yfir 40 ár, bæði hér heima og erlendis, og er nú framkvæmdastjóri félagsins á Íslandi. Bryndís á tvö uppkomin börn og fimm barnabörn. Hún hóf störf fyrir Umhyggju í gegnum SKB. Í Umhyggju starfa foreldrar langveikra barna og fagfólk innan heilbrigðiskerfisins og einnig eru félög og hópar foreldra langveikra barna í félaginu svo þessi regnhlífarsamtök yfir öll veik börn eru mikið áhugamál Bryndísar ásamt bættum hag allra þessara einstaklinga. Hennar slagorð eru: Maður, líttu þér nær – við þurfum svo sannarlega að styðja vel við veik börn þessa lands og fjölskyldur þeirra.


*Hálfdan Þorsteinsson.*

## MEÐSTJÓRNANDI ER HÁLFDAN ÞORSTEINSSON

Hálfdan er Hafnfirðingur og aðstoðarskólastjóri Stóru-Vogaskóla í sveitarfélaginu Vogum á Vatnsleysuströnd. Hann hefur mikinn áhuga á íþróttum og útivist og stefnir að því að hlaupa maraþon á næstu árum. Hann er faðir þriggja barna og tengist Umhyggju í gegnum Dropann, félag sykursjúkra barna, en hann var í stjórn þess félags í níu ár. Hálfdan hefur verið í stjórn Umhyggju í fjögur ár. Í huga hans er sérstaða og styrkur Umhyggju fólkið sem kemur að félaginu, blanda af fagfólki, foreldrum og öðrum áhugasömum sem saman mynda sterk regnhlífarsamtök sem styðja vel við foreldra langveikra barna.

SMÁFRÉTTIR

## ALÞJÓÐLEGI VITUNDARVAKNINGARDAGURINN
### SLEPPTU BLÖÐRUM Í TILEFNI DAGSINS

**Lind** – félag um meðfæddan ónæmisgalla tók þátt í alþjóðlegum vitundarvakningardegi þann 30. apríl sl. Félagsmenn og velunnarar Lindar hittust við Barnaspítala Hringsins, slepptu blöðrum í tilefni dagsins og áttu saman góða stund.

*Myndir: Ævar Geirdal.*









# 12 dagar

***- vegna veikinda barna, sama hvort þau eru langveik eða ekki.***

Á samráðsfundi með aðildarfélögum Umhyggju í febrúar 2014 var veikindarétturinn til umræðu. Til fundarins mættu Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, og Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir frá sjúkrasjóði VR og kynntu félagið og veikindarétt félagsmanna þess.

Í framhaldinu varð umræða um réttindamálin og hvernig málum væri háttað hjá öðrum stéttarfélögum. Við í ritnefnd Umhyggju ákváðum að taka einn hring á veraldarvefnum og skoða hver rétturinn er hjá nokkrum stéttarfélögum.

Niðurstaðan af vafri okkar um internetið var sú að starfsmaður á jafnan rétt skv. kjarasamningi til launa í 12 vinnudaga á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri.

Í kjarasamningaumræðum undanfarinna missera hefur veikindarétturinn ekki verið til umræðu – í okkar huga er orðið tímabært að taka þessa umræðu upp og skoða með hvaða hætti er hægt að koma til móts við foreldra langveikra barna.

Einnig væri áhugavert að skoða hvernig skiptingin sé á veikindadögunum eftir kyni en á fundinum kom upp sú spurning hvort mæður nýttu réttinn frekar enn feður.

## Fljótir að fara

„Þeir eru fljótir að fara, þessir dagar, tala nú ekki þegar fleiri enn eitt barn er á heimilinu. Við höfum verið það heppin að drengurinn okkar er frekar heilsuhraustur, eltir t.d. ekki uppi allar flensur sem eru í gangi,“ segir móðir langveiks drengs sem nú er kominn yfir 13 ára aldurinn. „Núna verðum við að treysta á velvild vinnuveitandans og/eða taka sumarfrí þegar drengurinn okkar veikist, því ekki er hægt að skilja hann eftir einan heima við ákveðnar aðstæður,“ segir hún og veltir fyrir sér af hverju veikindarétturinn fylgi ekki til 18 ára aldurs – börn séu skilgreind börn fram að þeim tíma.

Ef barnið á lengur í veikindum en réttur launþegans er skv. kjarasamningi, þannig að tekjutap hljótist af, geta félagsmenn sótt um bætur úr sjúkrasjóði félaganna og eru foreldrar hvattir til að skoða sjúkrasjóði síns stéttarfélags mjög vel.

Í kynningu VR kom fram að 27 félagsmönnum voru greiddar samtals um 22 milljónir úr sjúkrasjóði á síðasta ári vegna veikinda barna í lengri eða skemmri tíma. Þar af voru fimm félagsmenn sem fullnýttu níu mánaða rétt sinn. Greidd eru 80% af meðallaunum sl. sex mánaða, ekkert hámark, í alls níu mánuði.

„Í mínu stéttarfélagi er það þannig að ég á rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar og brýnar aðstæður er að ræða vegna sjúkdóms dóttur minnar sem krefjast þess að að ég þarf að fara úr vinnunni, en samkvæmt kjarasamningi á ég ekki rétt á launum í þeim tilfellum, þ.e.a.s. ef ég er búin með þessa 12 daga og hef ekki sótt í sjúkrasjóðinn,“ segir faðir sem á 10 ára langveika stúlku.

## Þekkir þú réttinn þinn?

Réttindamál vegna veikra barna eru frumskógur fyrir þá sem eru að koma að þessu í fyrsta skiptið. Mikilvægt er að kynna sér málin vel, taka tíma í að skoða vel síðu Tryggingastofunnar, **www.tr.is**, þar sem m.a. er hægt að fá upplýsingar um umönnunargreiðslur og foreldragreiðslur og heimasíðu Sjónarhóls, **www.sjonarholl.is**, en þar er að finna mikið af gagnlegum upplýsingum.



***Niðurstaðan af vafri okkar um internetið var sú að starfsmaður á jafnan rétt skv. kjarasamningi til launa í 12 vinnudaga á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri.***

# Sumarbúðir Dropans
## – Svo miklu meira en sumarbúðir

***Eitt stærsta verkefnið sem Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki, stendur fyrir er að bjóða upp á árlegar sumarbúðir fyrir börn og unglinga með sykursýki – sumarbúðir sem í raun og veru eru svo miklu meira en bara sumarbúðir.***

Markmiðið með búðunum er m.a. að börn með sykursýki fái tækifæri til að hittast og deila sameiginlegri reynslu, öðlist meira sjálfstæði og öryggi í meðhöndlun sjúkdómsins og um leið að efla sjálfmynd þeirra. Að sjálfsögðu er leiðarljósið fyrst og fremst að sem flest sykursjúk börn hafi tækifæri til að taka þátt og að þau skemmti sér vel og líði vel í fræðandi sumarbúðum.

Í ár voru sumarbúðirnar, fyrir börn 6–12 ára, haldnar í 12. sinn að Löngumýri í Skagafirði.

### Öflug jafningjafræðsla

Sigrún Jónsdóttir þroskaþjálfi hefur verið með í búðunum frá upphafi. Við hittum hana yfir ljúfum kaffibolla á Súfistanum í Hafnarfirði og fengum að heyra hvernig lífið á Löngumýri gekk fyrir sig þetta árið.

„Ég er svo heppin að hafa verið með frá upphafi ásamt Elísabetu Konráðsdóttur hjúkrunarfræðingi sem ég upplifi eiginlega sem guðmóður sumarbúðanna, það voru börnin hennar af göngudeildinni sem komu í búðirnar og það myndaðist strax traust og trúnaður á milli allra sem komu að búðunum í upphafi,“ segir Sigrún og bætir við að það sé ótrúlega flottur hópur sem hafi komið að þessu verkefni undanfarin ár.

Læknar og hjúkrunarfræðingar frá göngudeild sykursjúkra á Barnaspítala Hringsins vinna að búðunum ásamt þroskaþjálfum og öðru frábæru starfsfólki sem m.a. kemur frá Landsvirkjun sem styrkir búðirnar þannig. Einnig vinna í búðunum unglingar sem eru með sykursýki og eru þau frábærar fyrirmyndir fyrir krakkana. Dropinn, styrktarfélagið, er öllu þessu fólki þakklátur fyrir vel unnin störf.

Í ár voru 18 krakkar í sumarbúðunum að Löngumýri.

Sigrún segir krakkana misjafnlega langt komin í sinni vinnu með sykursýkina, sum séu nýgreind, önnur lengra komin. „Sumir eru að fara að heiman í fyrsta skipti en aðrir hafa verið með okkur sumar eftir sumar. Sumir hafa aldrei sprautað sig sjálfir en aðrir eru með þetta allt á hreinu. Í búðunum fer fram öflug jafningjafræðsla og það má spyrja að hverju sem er, engin spurning tengd veikindunum þeirra er asnaleg.“

> ***Læknar og hjúkrunarfræðingar frá göngudeild sykursjúkra á Barnaspítala Hringsins vinna að búðunum ásamt þroskaþjálfum og öðru frábæru starfsfólki.***

Fræðsla er stór hluti af dagskránni í sumarbúðunum, ekki minna mikilvæg en allar skemmtilegu ferðirnar sem farnar eru um nágrenni Löngumýrar.

„Við fórum á Akureyri og fengum okkur Brynjuís, fórum í sund og skruppum á Sauðárkrók og fórum í river rafting. Þegar krakkarnir voru spurðir hvað hefði verið skemmtilegast var svarið river rafting og það að vera saman, vera með vinum sínum. Við höfum hingað til alltaf verið með diskótek eða náttfatapartý en í ár ákváðum við að breyta til og vera með sleepover með Hawaii-þema sem var ótrúlega skemmtilegt og vel heppnað,“ segir Sigrún.

Undanfarin ár hefur dagskráin verið einfölduð með þeim hætti að meiri áhersla er lögð á að fá krakkana til að kynnast, vera saman heima á Löngumýri.

„Jafningjafræðslan er ótrúlega mikilvæg og við ákváðum núna að einfalda dagskrána, vera minna á ferðinni en áður og fá krakkana til að vera meira saman á staðnum, þannig að þau hefðu meiri tíma til að deila upplifun og reynslu sín á milli. Okkur fannst það skila miklu og vera ótrúlega mikilvægt. Það er svo mikilvægt fyrir þau að sjá hvernig aðrir gera hlutina, hvernig er að vera í umhverfi þar sem allir eru að takast á við sömu hlutina.“

Eftir fjóra flotta daga á Norðurlandinu var kominn tími til að snúa aftur heim reynslunni ríkari.

Sigrún segir krakkana mynda góðan vinskap sín á milli og að þau haldi sambandi að búðunum loknum, heimsæki jafnvel hvert annað landshorna á milli og sé netið líka mikilvægt til að halda tengslum. En það mikilvægasta af öllu segir hún að sé að krakkarnir fari allir heim sem sigurvegarar – það eitt og sér sé ótrúlega mikilvægt.

***Nánar um sumarbúðirnar á www.dropinn.is.***






www.dropinn.is.








# ***Thelma Þorbergsdóttir*** *er tveggja barna móðir og félagsráðgjafi sem hefur óbilandi áhuga á bakstri og sætum freistingum af öllum gerðum.*



*Thelma Þorbergsdóttir er tveggja barna móðir og félagsráðgjafi sem hefur óbilandi áhuga á bakstri og sætum freistingum af öllum gerðum. Hún er meðal vinsælustu matarbloggara landsins og hefur um árabil bloggað á sinni eigin síðu, Freistingar Thelmu, og á vefsíðunni Gott í matinn sem þúsundir Íslendinga hafa notið góðs af. Auk þess hafa uppskriftir hennar birst í ýmsum tímaritum og í bókinni* ***Freistingar Thelmu*** *deilir hún með lesendum sínum uppáhalds uppskriftum að freistingum sem bráðna í munni, allt frá kökum til sælgætis fyrir hvert tækifæri en hér deilir hún með okkur hugmyndum úr regnbogaafmæli sem er að finna í bókinni. Thelma gaf einnig út bókina Gleðigjafar ásamt Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur sem inniheldur frásagnir foreldra einstakra barna. Thelma á 5 ára dreng með downs-heilkenni, situr í stjórn Downsfélagsins og er því vel kunnug blaði Umhyggju.*

*Ljósmyndir: Lárus Karl.*



## Regnbogaafmæliskaka

Þessa köku er hægt að gera í öllum regnbogans litum og kemur skemmtilega á óvart þegar búið er að skera í hana. Krökkunum finnst gaman að fá litríka sneið á diskinn sinn. Einstaklega gott vanillubragð er af kökunni en hún er líka góð með súkkulaðikremi eða bara hvaða kremi sem er. Það er ótrúlega einfalt að skreyta þessa köku því skreytingarnar þurfa alls ekki að vera flóknar þar sem kakan sjálf að innan gerir svo mikið.

### Innihald

Vanillukaka
170 g smjör við stofuhita
340 g sykur
3 egg
3 tsk vanilludropar
350 g hveiti
3 tsk lyftiduft
½ tsk Maldon-salt
3 dl mjólk
Matarlitir

### Vanillusmjörkrem

250 g smjör við stofuhita
500 g flórsykur
4 tsk vanilludropar
2-3 msk mjólk

### Skraut

Regnbogasprinkles
Stór sleikjó

### Aðferð

Ef þið ætlið að gera háa köku verðið þið að tvöfalda uppskriftina. Ef þið gerið einfalda er hægt að hafa hvern botn fyrir sig þynnri. Stillið ofninn á 180°C og smyrjið tvö eða fjögur meðalstór hringlaga bökunarform að innan og setjið smjörpappír í botninn á formunum. Hrærið smjör og sykur saman þar til blandan verður ljós og létt. Bætið einu eggi í senn út í og hrærið stuttlega á milli ásamt því að bæta við vanilludropum. Blandið hveiti, lyftidufti og salti saman í skál og blandið út í deigið ásamt mjólkinni, smátt og smátt í einu, hrærið þar til allt hefur blandast vel saman. Gott er að skafa hliðarnar á skálinni vel á milli svo allt blandist vel saman.

Skiptið deiginu jafnt í fjóra hluta og setjið hvern hluta í skál. Gott er að vigta allt deigið í heild sinni og deila svo með fjórum. Blandið deigið með gulum, rauðum, grænum og bláum gelmatarlit eða lit að eigin vali og hrærið vel. Hellið deiginu í bökunarformin og dreifið vel úr því. Bakið í 18-20 mínútur eða þar til tannstöngull kemur hreinn upp úr miðju kökunnar. Baksturstíminn fer þó algjörlega eftir því hversu þunna botna þið gerið, 18-20 mínútna baksturstími er ætlaður eðlilegri stærð af botnum, þ.e. ef þið gerið tvöfalda uppskrift. Kælið botnana alveg áður en þið setjið kremið á þá.

### Vanillusmjörkrem

Hrærið smjör þar til það verður ljóst og létt. Bætið flórsykri saman við, litlu í einu og hrærið vel á milli. Blandið vanilludropum og mjólk saman við og hrærið í 5 mínútur. Því lengur sem þið hrærið því ljósara verður kremið.

### Skreyting

Gera þarf tvöfalda til þrefalda uppskrift af kremi fyrir þessa köku, en það fer eftir því hvað þið viljið hafa mikið krem á milli og utan um kökuna. Tvöföld uppskrift af kremi ætti þó að duga. Smyrjið kreminu á milli allra botnanna rúmlega 1 cm þykkt eða eins mikið og þið viljið. Smyrjið kökuna alla með þunnu lagi af kremi og setjið hana inn í ísskáp í rúmar 20 mínútur. Þetta er gert til þess að festa kökuna vel saman. Setjið aðra umferð af kremi yfir kökuna og dreifið vel úr því með spaða. Setjið sprinkles í lófann á ykkur og þrýstið þeim lauslega utan um alla kökuna. Þið þurfið rúmlega tvær dósir af regnbogasprinkles til að skreyta alla kökuna. Skreytið kökuna með stórum sleikjó eða mörgum litlum, kertum eða uppáhaldsfígúru barnsins. Þessi kaka er einnig tilvalin til þess að leyfa afmælisbarninu að sjá sjálfu um skreytingarnar á kökunni. Geymið kökuna inni í ísskáp þar til hún er borin fram



## Perlukökur með súkkulaði

Mjúkar og góðar smákökur sem öllum veislugestum á eftir að líka við. Þessar smákökur er hægt að gera tveimur til þremur dögum fyrir afmælisveisluna. Það getur sparað alveg ótrúlegan tíma að gera það sem hægt er nokkrum dögum áður. Eins og með bollakökurnar væri gaman að leyfa afmælisgestum að skreyta sína eigin köku með súkkulaðiglassúr og súkkulaðiperlum.

### Innihald

120 g smjör við stofuhita
130 g púðursykur
1 egg
1 tsk vanilludropar
100 g hveiti
½ tsk matarsódi
½ tsk salt
100 g dökkt súkkulaði
120 g haframjöl
100 g súkkulaðiperlur

### Súkkulaðiglassúr

500 g flórsykur
3 msk dökkt kakó
60 g smjör, brætt
2 msk tilbúið kaffi
Heitt vatn

### Skraut

Súkkulaðiperlur

### Aðferð

Hitið ofninn í 180°C og setjið smjörpappír á tvær bökunarplötur. Hrærið smjör og sykur saman þar til blandan verður ljós og létt. Bætið egginu og vanilludropunum saman við og hrærið léttilega. Blandið hveiti, matarsóda og salti saman í skál, setjið út í blönduna og hrærið vel saman.

Grófsaxið súkkulaði og blandið því saman við ásamt haframjöli og súkkulaðiperlum og hrærið léttilega þar til það hefur blandast vel saman við allt. Setjið deigið inn í ísskáp í 20 mínútur. Takið deigið út og myndið kúlur úr því, gott er að hafa hverja köku u.þ.b. 30 g eða rúmlega 1 msk. Raðið kökunum á bökunarplötuna með góðu bili á milli. Bakið í 12 mínútur. Kökurnar eru frekar linar þegar þær koma út en jafna sig eftir örskamma stund. Kælið kökurnar alveg.

### Súkkulaðiglassúr

Hrærið flórsykur og kakó saman. Bræðið smjör og hellið saman við. Bætið því næst kaffi út í og hrærið vel. Bætið heitu vatni saman við þar til allt hefur náð að blandast vel saman og kremið er orðið mjúkt og slétt. Bætið aðeins litlu magni af vatni saman við í einu og hrærið vel á milli. Setjið rúmlega 1 msk af glassúr á hverja köku. Skreytið með súkkulaðiperlum.



## Vatnsmelónulímonaði

Ferskt, gott og fljótlegt límonaði sem gaman er að bera fram í öðruvísi drykkjarílátum eins og t.d. krukkum með röri eða skemmtilegum flöskum sem krökkunum finnst svo mikið sport að drekka úr.

U.þ.b. 1,5 l

### Innihald

1,5 kg vatnsmelóna
700 ml vatn
115 g sykur leystur upp í 120 ml af vatni
2 límónur
Klakar

### Aðferð

Skerið vatnsmelónuna í litla bita og takið börkinn frá. Setjið vatnsmelónuna í matvinnsluvél og vinnið þar til hún er orðin að vökva. Hellið vökvanum í gegnum sigti ofan í könnu og reynið að kreista sem mestan vökva úr vatnsmelónunni. Setjið 120 ml af vatni í pott ásamt sykrinum og hitið á meðalháum hita þar til sykurinn hefur leyst upp, látið kólna í 5 mínútur. Blandið vatninu saman við safann úr vatnsmelónunni ásamt safa úr tveimur límónum og hrærið. Bætið því næst sykurvatninu saman við og skerið nokkrar sneiðar af límónu og setjið ofan í til skrauts. Setjið klaka saman við og hrærið. Límonaðið er best ískalt og ferskt.




## STÍNA Í SIGURÐARHÚSI 90 ÁRA - Afþakkaði afmælisgjafir og hvatti gesti til að styrkja Umhyggju

Í tilefni níræðisafmælis Kristínar Pétursdóttir á Eskifirði, þann 21. maí, ákvað hún ásamt börnum sínum að hvetja vini og vandamenn til að styrkja Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum, sem afmælisgjöf til hennar. Alls söfnuðust 322.500 kr. sem Umhyggju hafa verið afhentar.

Stína og börnin hennar vilja þakka af öllu hjarta öllu því góða fólki sem lagði sitt á vogarskálar við söfnunina.

***Umhyggja þakkar kærlega fyrir þessa flottu gjöf og sendir bestu kveðjur á Eskifjörð.***

## KÆRAR ÞAKKIR TIL ÁHAFNARINNAR Á HÁKONI EA

Áhöfnin á Hákoni EA gaf félaginu rúma hálfa milljón fyrir jólin eins og hún hefur gert áður.

***Frábært hjá þessum flottu skipverjum. Kærar þakkir.***

## KÆRAR ÞAKKIR TIL ÁHAFNARINNAR Á ÞÓR HF.

Elías Bjarni Jóhannesson kom og afhenti félaginu styrk fyrir hönd starfsmannafélags áhafnarinnar á Þór hf.

***Færum við þeim kærar kveðjur fyrir framlagið og að hugsa til okkar.***





# Hefur þú komið í Brekkuskóg eða í Vaðlaborgir?

***Félagsmenn Umhyggju hafa aðgang að tveimur glæsilegum orlofshúsum. Húsin eru staðsett í Brekkuskógi rétt fyrir austan Laugarvatn og í Vaðlaborgum við Akureyri. Húsin eru leigð út allt árið. Félagar í Umhyggju og aðildarfélögum Umhyggju, sem greitt hafa félagsgjöld, eiga rétt á að sækja um dvöl í húsunum. Hægt er að sækja um rafrænt á www.umhyggja.is.***

## Brekkuskógur

„Við fjölskyldan höfum verið svo heppin að dvelja í húsi Umhyggju í Brekkuskógi, frábær aðstaða og stutt í alla þjónustu. Við eigum örugglega eftir að sækja um aftur.“

Brekkuskógur er ofarlega í uppsveitum Árnessýslu, um 15 km austan við þorpið á Laugarvatni. Grunnflötur hússins er 92 fm, er á einni hæð, með þremur svefnherbergjum, baðherbergi og opnu rými sem er stofa, borðstofa og eldhús. Það eru flísar á öllum gólfum. Í öllum herbergjum eru tvíbreið rúm og er svefnaðstaða fyrir 8 manns auk rúms fyrir ungabarn. Baðherbergið er mjög stórt og er góð aðstaða fyrir hreyfihamlaða, einnig er eitt herbergið sérútbúið með sjúkrarúmi og lyftara. Mjög gott aðgengi er inni í húsinu og einnig gott aðgengi utandyra. Stutt er í alla þjónustu og sjúkrahús og heilsugæsla á Selfossi.

Það er heitur pottur og 75 fm sólpallur með rampi niður á góða og stóra grasflöt. Einnig eru leiktæki á lóðinni. Þetta







*„Dvöldum í Vaðlaborgum í vetur, húsið er dásamlegt og allt til fyrirmyndar. Við fórum á skíði í Hlíðarfjalli, heimsóttum jólahúsið og sáum stærstu skó sem við höfum nokkurn tímann séð á Byggðasafninu á Dalvík. Kærar þakkir fyrir okkur, við munum örugglega koma aftur.“*







er frábær staðsetning í kjarri vöxnu landi. Ef þú hefur ekki enn komið í Brekkuskóginn er um að gera að sækja um – frábær staður og allir sem þangað hafa komið eru mjög ánægðir með aðstöðuna.

*Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umhyggju, www.umhyggja.is.*

## Vaðlaborgir

„Dvöldum í Vaðlaborgum í vetur, húsið er dásamlegt og allt til fyrirmyndar. Við fórum á skíði í Hlíðarfjalli, heimsóttum jólahúsið og sáum stærstu skó sem við höfum nokkurn tímann séð á Byggðasafninu á Dalvík. Kærar þakkir fyrir okkur, við munum örugglega koma aftur.“

Umhyggja hefur yfir að ráða orlofshúsi í Vaðlaborgum, fallegri orlofshúsabyggð sem risið hefur við Eyjafjörð, gegnt Akureyri.

Húsið er vel búið og aðgengi að þeim er gott fyrir fatlaða. Veröndin er stór og góð og á henni er heitur pottur. Þeir sem dvalist hafa í Vaðlaborgum segja staðinn, húsið sjálft og allan aðbúnað eins og best verður á kosið.

